

Hluthafafundur Kviku banka hf. var haldinn þann 4. júní 2026 á starfsstöð félagsins að Katrínartúni 2, 9. hæð 105 Reykjavík.

Niðurstaða fundarins var að samþykka eftirfarandi tillögu stjórnar:

*„Lagt er til að greidd verði sérstök arðgreiðsla til hluthafa að fjárhæð kr. 2,35 á hlut. Arðsákvörðunardagur verði 4. júní 2026. Arðleysisdagur (e. ex-date) verði 5. júní 2026. Arðsréttindadagur (e. record date) verður 8. júní 2026. Hluthafar tilgreindir í hlutaskrá félagsins í lok arðsréttindadags fái greiddan arð. Viðskipti á eða eftir arðleysisdag verði án arðsréttinda. Arður verði greiddur út 10. júní 2026.“*

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.